



HJÚKRUNARHEIMILI
HLÍÐARHÚSUM 7, 112 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. Þ 131/1299
komudagur 14.4.2005

Reykjavík 11. apríl 2005


Umsögn um þingsályktunartillögu varðandi þunglyndi meðal eldri borgara, 71. mál.

Því ber að fagna að á Alþingi séu heilsufarsleg vandamál meðal aldraðra rædd og lögð séu drög að átaki til rannsókna og meðferðar á þessum vanda. Þunglyndi á meðal aldraðra er þó aðeins eitt af þeim vandamálum sem vert er að beina athyglinni að. Algengi þunglyndis meðal aldraðra hefur líklegast verið ofmetið í umræðu síðustu ára enda sýna flestar alþjóðlegar rannsóknir að algengi sjúkdómsins er ekki hærra en hjá yngri einstaklingum og vísast þar í nýlega samantekt Hallgríms Magnússonar, geðlæknis, á Læknadögum 2005. Hins vegar sýna rannsóknir að algengi þunglyndis er mun hærra hjá þeim sem dvelja á stofnunum en það samræmist einnig niðurstöðum rannsókna, sem staðfesta aukna tíðni þunglyndis hjá þeim sem eru haldnir líkamlegum sjúkdómum. Sama gildir einnig um þá sem hafa heilabilun, en nær 80% íbúa á hjúkrunarheimilum hafa heilabilunareinkenni að einhverju marki. Bæði há tíðni á þunglyndi og mikil notkun lyfja við þunglyndi á öldrunarstofnunum hérlendis getur því ekki síður endurspeglad nákvæmari greiningarvinnu og góða meðferðarnálgun á þessum stofnunum.

Vert er að geta þess sértaklega að margir þættir innan öldrunarfræða geta tengst þunglyndi og væri áhugavert að gefa þeim meiri gaum hérlendis. Má þar fyrst telja ofbeldi og misnotkun gagnvart öldruðum af hálfu starfsfólks á stofnunum og við þjónustu í heimahúsum, en ekki síður af hálfu aðstandenda hvað varðar vanvirðingu á sjálfsákvörðunarrétti og fjárhagslega misnotkun. Hvað þetta efni varðar stöndum við að baki nágrannaþjóðum varðandi rannsóknir og ekki síður fræðslu. Þá er einmanaleiki, öryggisleysi og kviði ekki, síst meðal fólks í heimahúsum, vanmetinn vandi sem ástæða er til að beina sjónarhorni að. Og síðast en ekki síst næringarvandi bæði meðal aldraðra í heimahúsum og inni á sjúkrahúsum og öldrunarstofnunum. Allir þessir þættir geta einir útaf fyrir sig eða saman tengst þunglyndisviðbrögðum og er því mikilvægt að þessi mál séu skoðuð í víðu samhengi.

Það er því jákvætt að athygli sé beint að þessum vanda aldraðra og er vert að hugleiða hvort ekki megi stuðla að rannsóknum á ofanefndum atriðum á vegum Rannsóknarstofu LSH og HÍ í öldrunarfræðum, sem átt gæti samstarf við starfandi aðila á öldrunarsviði, heimaþjónustu og stofnunum í þessum efnum.

Virðingarfyllst,


Sigrúbjörn Björnsson yfirlæknir
Eir Hjúkrunarheimili